

Það verður ekki alltaf kreppa!

Ólafur Páll Jónsson

erindi á aðalfundi Félags leikskólakennara

18. maí 2011

Ágæta ...

Það er mér sönn ánægja og heiður að fá að spjalla við ykkur í dag. Það hefur mikið gengið á í samfélaginu og af ýmsum ástæðum hafa leikskólarnir verið í hringiðunni miðri. Í fyrsta lagi eru leikskólarnir staður þar sem litlum börnum gefst tækifæri til að vinna úr þeirri reynslu sem þau verða fyrir, bæði innan og utan skólanna. Í öðru lagi hafa leikskólarnir sem stofnanir þurft að bregðast við þeim meinsemdum sem hrun efnahagslífið olli; sumstaðar hefur dvalartími verið sýttur, sumstaðar hafa kjör starfsfólks verið skert og nú seinast hefur Reykjavíkurborg ráðist í endurskipulagningu á stjórnskipulagi leikskólanna. Í þriðja lagi er gildismat samfélagsins óhjákvæmilega viðfangsefni leikskóla því eins og aðrir skólar þá gegna þeir lykilatriði í mótun gildismats samfélagsins. Það hefur sum sé verið umrót í samfélaginu og það umrót hefur náð inn í leikskólana með margvíslegum hætti eins og við er að búast. Og í þessu umróti efna leikskólakennarar nú til aðalfundar undir yfirskriftinni „Það verður ekki alltaf kreppa!“.

I

Yfirskrift aðalfundarins virðist gera ráð fyrir því að það sé kreppa, en að henni muni linna fyrr eða síðar. En er kreppa? Hvað er annars kreppa? Og hverskonar kreppa skyldi vera leikskólakennurum ofarlega í huga? Fari maður inn á leikskóla um miðjan dag er reyndar fátt sem minnir á kreppu. Börnin eru upp til hópa glöð og vinnusöm, viðfangsefnin sem þau glíma við, hvort heldur í frjálsum leik eða skipulegu starfi eru yfirleitt verkefni sem þau takast á við af áhuga og hugkvæmni. Ég held að frá sjónarhóli barnanna sé engin kreppa í leikskólanum.

Frá sjónarhóli ykkar leikskólakennara – og ekki síst leikskólastjóra sem kannski eru við að fá uppsagnarbréf – horfa hlutirnir öðruvísi við. Þið finnið fyrir því að það hefur þrengst um allt starf leikskólanna. Vinnuálagið hefur aukist, margvíslegt svigrúm hefur

minnkað og nú hefur stærsti vinnuveitandi leikskólakennara, Reykjavíkurborg, ráðist í kerfisbreytingar þrátt fyrir andmæli ykkar. Er þetta ekki kreppuástand?

Innan hagfræði er sagt að það sé *kreppa* þegar þjóðarframleiðsla dregst verulega saman tvo ársfjórðunga í röð.¹ Á ensku er talað um *depression* eða *recession* eftir því hversu djúp dýfan er. Kreppa í þessum skilningi þýðir þá að um hálfis árs skeið framleiða fyrirtækin minna, bæði í formi vöru og þjónustu, og þar með er minna til skiptanna fyrir það fólk sem nýtur þessara gæða. En er ekki allt í lagi að framleiðslan minnki í þjóðfélagi offramleiðslu og ofneyslu? En svo er líka kreppa í umhverfismálum, sem yfirvofandi loftslagsvandi er eitt dæmi um. Á ensku heitir það reyndar *crisis* en ekki *depression*. En kreppurnar tilheyra ekki bara hinum ytri heimi, því sálin lendir líka stundum í kreppu, stundum er það einhvers konar sjálfsmyndarkreppa sem leggst yfir á miðjum aldri, það heitir einmitt *crisis* á ensku, eins og loftslagsvandinn. Stundum birtist sálarlífskreppan í þunglyndi, sem heitir *depression* á ensku eins og efnahagskreppan. Til að átta sig betur á þeirri stöðu sem Íslendingar eru í, bæði sem þjóð og sem hópur ólíkra einstaklinga, er gagnlegt að hafa í huga þessa margs konar merkingu orðsins *kreppa* og hvernig ólíkar kreppur hafa sett mark sitt á íslenskan samtíma.

Orsök tilvistarkreppu getur einfaldlega verið sú, að maður geri sér allt í einu grein fyrir endanleika lífsins. Gráu hárin leynd sér ekki lengur, líkaminn er stirður á morgnana og þótt maður vilji gjarnan sofa út þá vaknar maður hvern morgun fyrir allar aldir. Þannig rennur upp fyrir manni með áþreifanlegum hætti að lífið er endanlegt. Og þá vaknar kannski spurning um tilgang lífsins. Kveikjan að slíkri kreppu er þá sú að maður gerir sér grein fyrir staðreynd sem var augljós allan tímann, og er raunar einhver augljósasta staðreynd mannlegrar tilveru. Orsökina er því engin uppgötvun heldur bara einhvers konar viðurkenning á augljósum sannindum. Eða eigum við frekar að segja að orsökina liggi í því að tiltekin sannindi séu *afhjúpud*? Þau eru afhjúpuð með þeim hætti að tilteknum spurningum – spurningum um tilgang lífsins – verður ekki lengur bægt frá með góðu móti.

Þessar spurningar eru tilvistarspurningar og þeim verður ekki svarað nema með því að taka afstöðu til grundvallaratriða mannlegrar tilveru, með því að maður tekur líf sitt til gagn Gerrar skoðunar.² Slík rannsókn er ekki þögn í hugun eða ritun æviminninga, jafnvel bersögulla, heldur er slík rannsókn tilraun í því að lifa lífi manneskju. Fyrir um 2500 árum

¹ Sjá t.d. Gylfi Magnússon, „Hvað er kreppa?“, *Vísindavefurinn* 4.6.2003, <http://visindavefur.is/?id=3477> (skoðað 15.3.2009).

² Sjá t.d. grein Hönnuh Arendt, „Thinking and moral consideration“.

sagði Sókrates að einungis hið rannsakaða líf væri þess vert að lifa því.³ Þau sannindi eru enn í fullu gildi og eftir þessum skilningi er afhjúpun forgengileikans og sú tilvistarkreppa sem hún kann að leiða til góður atburður í lífi einstaklingsins, þótt atburðurinn sjálfur kunni að vera sársaukafullur.

Á svipaðan hátt hefur efnahagskreppan leitt til tilvistarkreppu á vettvangi samfélagsins. Og að því marki sem sú kreppa hefur leitt til rannsóknar á því hvers konar líf í samfélagi sé gott líf, er kreppan góður atburður í lífi samfélagsins þótt hún kunni að vera erfið, jafnvel sársaukafull. Íslendingar hafa vaknað upp við afhjúpun þeirrar einföldu staðreyndar – sem raunar var augljós allan tímann – að tilgangur þjóðlífsins verður ekki fundinn í efnislegum gæðum og að líf í samfélagi er ekki fólgið í því að tína upp mylsnuna sem hrynur af annarra borðum, jafnvel þótt hún sé ríkuleg á sína vísu. Það er þó ekki þessi staðreynd sem olli því félagslega umróti sem átti sér stað eftir hrunið heldur sjálf afhjúpunin. Afhjúpunin var með þeim hætti að fólk gat ekki vikið sér undan því að taka afstöðu til spurningarinnar: Hvað vil ég með þetta samfélag?

Þegar ég var við nám í Bandaríkjunum var einn af samnemendum mínum frá Mexíkóborg, einni af stærstu borgum heims. Ég er hins vegar frá Kirkjubæjarklausti þar sem búa um 150 manns. Eins og gengur og gerist þá ræddum við oft um áform okkar þegar náminu lyki. Hann var staðráðinn í því að reyna fyrir sér á vinnumarkaðinum í Bandaríkjunum en ég var staðráðinn í að fara aftur til Íslands. Honum fannst það eiginlega ótrúlegt. Eitt sinn sem oftár þegar við vorum að ræða þessi mál dró ég upp póstkort með mynd af Kirkjubæjarklausti og benti honum á hvar allt var: verslunin, skólinn, heilsgæslustöðin og leikskólinn. Þá varð honum á orði: „Nú skil ég af hverju þú ætlar aftur til Íslands. Þetta er siðmenntað samfélag.“ Mig langar að nota þetta tækifæri í dag til að spjalla við ykkur um nákvæmlega þessa staðhæfingu: „Þetta er siðmenntað samfélag.“ Að því marki sem spurningin um kreppu er áhguaverð spurning þá lýtur hún að því, hvort og að hvaða marki samfélagið er siðmenntað.

II

Til að þæla aðeins í spurningunni um siðmenningu samfélagsins og hugsanlega kreppu ætla ég að tala um tvær konur, hugmyndir þeirra og starf. Ég held að í því sem þær sögðu og gerðu getum við fundið viðmið um siðmenntun samfélags. Þessar konur eru María

³ John Stuart Mill tekur undir þessa hugsun í *Nytjastefnunni* þegar hann segir: „Betra er að vera vansæll maður en sælt svín og betra er að vera óánægður Sókrates en ánægður heimskingi“ (bls. 107–108).

Montessori, sem þið þekkið flest, og Jane Roland Martin, sem færri þekkja. Ein af frægustu bókum Jane Roland Martin heitir *Skólabeimilið* (*The School Home*). Í upphafi bókarinnar segir Martin frá ríflega 50 ára gamalli bók eftir Viginíu Woolf, *Þremur gíneum*. Í þeirri bók ímyndar Virginía Woolf sér að dóttir menntamanns standi á brú sem tengir saman tvo heima, gamla heiminn og nýja heiminn, og horfi á hersingu af körlum sem á hverjum morgni þramma frá einkaveröld heimilisins yfir til hins opinbera heims og svo aftur til baka á kvöldin (Woolf, 1998, bls. 172). Síðar í þessari bók beinir Virginía Woolf eftirfarandi orðum til kvenna:

Við verðum að spyrja okkur sjálfar hér og nú, viljum við eða viljum við ekki slást í för með þessari hersingu? Á hvaða forsendum ættum við að slást í för með henni? Og umfram allt, hvert leðir þessi hersing menntaðra karla okkur? (Woolf, 1998, bls. 243).

Virginía Woolf skrifaði *Þrjár gíneur* á skuggalegum tíma, árið var 1938 og svartnætti yfirvofandi stríðs vokaði yfir Vesturlöndum. En þegar Jane Roland Martin skrifaði sína bók árið 1992 var stríðið löngu afstaðið og eymdi ekki eftir af því annað en fögur og fjarlægur skuggi. Og þó, seinni heimstyrjöldin var kannski orðin fjarlægur og nánast lítilfjörlegur atburður í hugum flestra en á Balkanskaganum geysaði að nýju stríð í Evrópu, stríð sem átti eftir að standa fram til ársins 1995.

Hvers vegna skyldi Jane Roland Martin byrja bók um skóla – um menntun – á tilvísun í þessa myrku tíma? Martin segir að í þessari bók hafi meginspurningin sem Virginía Woolf hafi viljað spyrja verið þessi:

Hvernig geta konur gengið ásamt körlum yfir brúna án þess að glata siðmenningu sinni?

Martin bendir síðan á að þegar hún skrifar sína bók á tíunda áratuginum hafi konur þegar fjölmennt ásamt körlunum yfir þessa brú milli einkalífs heimilisins yfir á opinberan vettvang vinnunnar. Spurningin sem Virginía Woolf bað konur að íhuga er því, á vissan hátt, ekki lengur við hæfi, þ.e. spurningin er ekki lengur *hvert* konur ættu að slást í för með körlunum því það höfðu þær þegar gert, viljugar eða nauðugar. Meginspurning Viginíu Woolf er þó enn við hæfi, nefnilega spurningin um hvernig megi þramma yfir brúna, kvölds og morgna, fram og til baka, án þess að glata siðmenningu sinni. Með því að byrja bókina svona leggur Jane Roland Martin til að við gerum spurninguna um siðmenningu að útgangspunkti þegar við hugsum um skóla og menntun. Viðeigandi samhengi fyrir hugsun um skóla og menntun er sá vandi að taka þátt í nútíma samfélagi

án þess að glata siðmenningunni. Hvernig tókst okkur til, sem þjóð, að þessu leyti fram að haustinu 2008? Hefur orðið einhver breyting á síðan?

Martin byrjar fyrsta kafla bókarinnar, „Skóli og heimili“ á tilvitnun í John Dewey: „Það eru grundvallaraðstæður sem hafa breyst og ekkert dugir nema jafn róttækar breytingar á sviði skólamála“ (Dewey, 2010, bls. 184). Tilvitnunin er tekin úr fyrsta kafla bókarinnar *Skóli og samfélag* (*The School and Society*) sem ber yfirskriftina „Skólinn og félagslegar framfarir“. Bókin kom út árið 1899 og í henni leggur Dewey ríka og sumpart róttæka áherslu á samfélagslegt hlutverk skólans. Í upphafi kaflans segir hann m.a.:

Það sem bestu og vitrustu foreldrar vilja barni sínu til handa hlýtur samfélagið að vilja fyrir öll börn. Hvaða hugsjón önnur sem vera skal fyrir skóla okkar er þröngsýn og ógeðfelld (Dewey, 2010, bls. 181).

Martin vísar til Deweys til að gefa tóninn fyrir kaflann, en laglínan sjálf er sorgleg, nefnilega lýsing á kjörum barna í fátækum hverfum Bandarískra borga sem búa nánast utan við siðmenninguna – lýsing á vægast sagt ömurlegum kjörum. Það sem staðsetur þessi börn utan við siðmenninguna og gerir kjör þeirra jafn ömurleg og raun ber vitni er sú staðreynd að þau eiga sér ekkert heimili. Það húsaskjól sem þau geta leitað í er sversneytt umhyggju, öryggi, ást og hlýju að það getur alls ekki kallast heimili, allra síst fyrir börn. En einmitt þegar Martin hefur lýst kjörum þessara barna minnir hún lesandann á að skóli og heimili eru samverkamenn í menntun barna.

Á svipaðan hátt og eiginmaðurinn reiðir sig á vinnu húsmóðurinnar um leið og hann og menning hans gerir ekkert úr þeirri sömu vinnu, þá reiðir skólinn og samfélagið sig á viðvarandi framlag heimilisins til þroska barnsins um leið og það framlag nýtur engrar almennrar viðurkenningar (Martin, 1992, bls 6).

Við upphaf tuttugust aldarinnar benti Dewey á að í kjölfar iðnbyltingarinnar hefði orðið veigamikil breyting á heimilum fólks. Áður var heimilið vettvangur margvíslegra iðna og iðju en með iðnbyltingunni og þeirri verkaskiptingu sem hún hafði í för með sér fluttist heimilisiðnaðurinn út af heimilinu og inn á vinnustaði. Það sem áður tilheyrði einka-veröld heimilisins var nú unnið á opinberum vettvangi vinnumarkaðarins. Sú breyting sem Martin er umhugað um við lok tuttugustu aldarinnar er ekki þessi flutningur handverks frá heimili til vinnumarkaðar heldur sú breyting að foreldrar sjálfir hafa flutt út af heimilunum (Martin, 1992, bls. 7). Seinni breytingin er vissulega afleiðing af þeirri fyrri – foreldrar elta vinnuna – en frá sjónarhóli menntunar er hún mun afdrifaríkari.

Dewey vildi bregðast við fyrri breytingunni með því að gefa verklegum greinum miðlæga stöðu í skólastarfinu. Slíkt viðbragð dugir ekki við þeirri breytingu sem Martin bendir á. Þar dugi ekki að innleiða nýjar námsleiðir eða breyta skipulagi námsgreinanna heldur þarf skólinn að taka yfir hlutverk heimilisins að hluta. Skólinn getur þó ekki gert þetta með því að innleiða tiltekin verkefni sem áður voru unnin á heimilum heldur með því að verða sá siðferðilegi, félagslegi og persónulegi samastaður í tilverunni sem heimilið er – eða ætti að vera. Mikilvægi þess að skólinn taki að sér þetta heimilishlutverk er ekki uppgötvun Martin sjálfrar heldur rekur hún þessa hugsun til Maríu Montessori sem þegar við upphaf tuttugustu aldarinnar hafði ekki einungis sett fram hugmyndir í þessa veru heldur unnið ótrúlegt brautryðjendastarf á vettvangi við erfiðustu aðstæður.

III

Líf Maríu Montessori ber með sér að hún var ekki bara óvenju greind og dugleg, heldur einnig óvenju sjálfstæð í hugsun og fylgdi eftir hugmyndum sínum af fádæma einurð. Hún var fyrst kvenna á Ítalíu til að hefja verkfræðinám. Fjölskyldu og ættingjum létti reyndar þegar hún hætti því námi, en léttirinn varði ekki lengi því það næsta sem gerðist var að hún innritaðist í læknskóla. Nokkrum árum síðar varð hún fyrst ítalskra kvenna til að ljúka læknaprófi. María Montessori fór ekki í læknánám til að feta slóð hefðar og njóta þeirra metorða sem læknisstarfinu fylgdu, heldur varð læknánámið byrjun á farsælu starfi við rannsóknir og á vettvangi þar sem hún plægði og sáði í jörð sem aðirir höfðu ekki látið sér detta í hug að rækta.

Eftir að læknánáminu lauk vann Montessori við geðdeild háskólasjúkrahússins í Róm í tvö ár þar sem hún annaðist m.a. um þroskaheft börn. Þarna fékk hún þá hugmynd, sem var alveg ný á þessum tíma, að þessum börnum mætti kenna eins og öðrum – eða kannski ætti að orða þetta svo, að hún hafi áttað sig á því að þessi börn gætu lært eins og önnur börn. Á þessum tíma byrjaði Montessori að móta hugmyndir sínar um að vandamál barna – hvort sem það kallaðist fötlun, hegðunarvandamál, tregða til náms eða eitthvað annað – stöfuðu ekki endilega af vangetu þessara einstaklinga sem slíkra heldur væru vandamálin frekar félagsleg; rætur vandans lögju oft frekar í umhverfinu en hjá einstaklingunum.

Þessi sýn Montessori kemur skýrt fram í starfi hennar í San Lorenzo hverfinu í Róm sem var vægast sagt ömurlegt fátækrahverfi. Börnin í San Lorenzo áttu kannski heimili í þeim skilningi að þau bjuggu með foreldrum sínum. En foreldrarnir voru svo gott sem fluttir út af heimilunum; á hverjum morgni gengu þeir yfir brúna sem Virginía Woolf lýsti

í *Premur gíneum*, og sjálft heimilið var kannski ekki annað en herbergi þar sem öllu ægði saman í hrikalegum þrengslum og skorti á hreinlætisaðstöðu og öðrum nauðsynjum daglegs lífs. Gatan hefði verið ákjósanlegri dvalarstaður ef hún hefði ekki verið beinlínis lífshættuleg.

Í þessum kringumstæðu ömurleikans, þar sem siðmenning virtist naumast geta fundið sér nokkra fótfestu, tókst Montessori á hendur að stofna skóla sem hún kallaði Casa dei bambini. Nafnið á skólanum lýsir í raun vel kjarnanum í hugmyndum Montessori, en þessi kjarni hefur þó farið framhjá mörgum, jafnvel þeim sem telja sig til sporgöngumanna hennar. Á ensku hefur Casa dei bambini jafnan verið þýtt sem „House of the Children“ eða „The Childrens House“. Á íslensku myndum við þá segja „Hús barnanna“. En Casa dei bambini var ekki bara hús, og starfshættirnar sem Montessori innleiddi voru ekki sömu starfshættir og síðar meir einkenndu einstaklingsmiðað nám eða opnu kennslustofunnar. Opnu kennslustofunnar voru viðbragð við skóla sem var niður njörvaður, þvingandi, þurr og gamaldags. Í staðinn fyrir lokaðan og trénaðan skóla kom skóli sem var opinn fyrir samfélaginu utan skólans, opinn fyrir ólíkum áhugamálum barnanna og ólíkum hæfileikum þeirra. Í þessari nýju hugmyndafræði birtist skólinn sem einskonar smágerð eftirmynd samfélagsins.

Í opnu skólastofunum var ekki einungis lögð áhersla á að skólinn væri eftirmynd af samfélagi þar sem fólk sótti vinnu, heldur einnig af samfélagi þar sem voru heimili. Þannig mátti víða finna heimiliskrók í skólunum þar sem börnin gátu dregið sig í hlé og hvílt. En einmitt í þessu atriði – heimiliskróknum – birtist grundvallarmunur á hugmynd Montessori um Casa dei bambini og opnu skólastofunum. Jane Roland Martin lýsir þessu þannig:

Heimiliskrókur breytir hvorki skóla né kennslustofu í heimili. Og það voru ekki húsgögnin sem létu Casa dei bambini koma í stað heimilis fyrir börnin. Maður dvelur í húsi. Maður upplifir öryggi, vernd, ást, notalegheit – þ.e.a.s. „að eiga heima“ – á heimili, að minnsta kosti á heimili af því tagi sem Montessori sá fyrir sér (Martin, 1992, bls. 12).

Opnu skólastofunnar voru kannski þegar best lét hús barnanna, en þau voru ekki heimili. Casa dei bambini átti ekki bara að vera hús heldur staðgengill heimilis. Það sem hún horfði uppá í San Lorenzo hverfinu var ekki skortur á skóla sem endurspeglaði samfélagið utan skólans, því það samfélag var í molum og síður en svo eftirsóknarvert að færa það inn í skólabýgginguna. Nei, það sem skólinn þurfti að vera var einmitt það sem

vantaði í samfélagið utan skólans, nefnilega heimili. Casa dei bambini átti því ekki að endurspeglar samfélagið heldur beinlínis að vera mótvægi við samfélagið. Þessi skóli átti að koma í staðinn fyrir það sem börnin fóru á mis við í lífi sínu, nefnilega heimili. Þess vegna segir Jane Roland Martin að Casa dei bambini verði að þýða sem „Heimili barnanna“.

Með hugmyndinni um skólann sem heimili frekar en hús kemur hugmynd um barnahópin sem fjölskyldu frekar en borgara í samfélagi. Borgaralegt eða lýðræðislegt samfélag einkennist af mörgum gildum sem við finnum einnig stað í lífi fjölskyldunnar. Hér má nefna virðingu fyrir öðrum, umburðarlyndi og þolinmæði. En þótt fjölskylduböndin séu að mörgu leyti lík samfélagsböndum, þá eru þau líka ólík. Samskipti í fjölskyldu byggjast oft á að einstaklingarnir bera umhyggju hver fyrir öðrum, þeim er umhugað um kjör og líðan hvers annars og tengsl þeirra eru nánin og byggja á siðferðilegum og tilfinningalegum grunni frekar en á grunni formlegra stofnana og laga. Hér birtist í hnotskurn skilningur Montessori á Casa dei bambini sem heimili. Það er ekki bara skipulagið sem er heimilislegt, heldur eru tengslin á milli leiðbeinandans og barnanna, sem og tengsl barnanna sín á milli, heimilisleg.

IV

Það er auðvelt að sannfærast um forsendur og mikilvægi þess starfs sem Montessori vann í fátækrahverfinu í Róm og um mikilvægi sambærilegs starfs fyrir heimilisláus börn í fátækrahverfum Bandaríkjanna. Við gætum samt spurt hvort skólastarf á slíkum forsendum eigi endilega heima á Íslandi við upphaf 21. aldarinnar. Og jafnvel þó svo að á Íslandi séu börn sem þurfa á skólaheimili að halda í skilningi Maríu Montessori og Jane Roland Martin, þá getum við eftir sem áður efast um að þessi nálgun sé viðeigandi sem grundvöllur almenns skólakerfis.

Jane Roland Martin myndi eflaust bregðast við þessum efasemdum með því að benda á að það sé ekki bara einstaka nemendur sem búa við það hlutskipti að foreldrarnir hafa flust út af heimilinu og yfir á vinnumarkaðinn heldur sé þetta reglan. Atvinnuþátttaka foreldra er svo víðtæk að lungann úr deginum eru langflest börn í skólum eða öðru félagslegu lífi utan heimilisins. Martin segir:

Þar sem skóli og fjölskylda hafa tekið róttækum breytingum er beinlínis fíranlegt að horfa framhjá hlutverki heimilisins í menntunarferlinu. Nú þegar bæði feður og mæður fara að heiman til að sækja vinnu verðum við að spyrja upp á nýtt, Hvaða róttæku breytingar á skólum duga? (Martin, 1992, bls. 8).

Martin myndi svo bæta því við, að ekki sé nóg með að heimilið sé ekki lengur til taks til að taka þátt í menntunarferlinu, heldur að það hlutverk sem heimilið hafði sé grundvallaratriði í menntun barna. Um þetta segir hún:

Vegna þess að heimilið er hinn faldi þátttakandi í menntun hinna ungu, þá hættir okkur til að gleyma hversu mikið af því sem við erum, því sem við gerum, og því sem við vitum er sótt í það sem við lærðum mjög ung. Montessori vissi að eftir því sem börnin eyða minni og minni tíma heima hjá sér í félagsskap fjölskyldunnar þá byrja alvarleg göt að myndast í menntun þeirra (Martin, 1992, bls. 18).

En hvaða alvarlegu göt eru þetta? Þau göt sem Martin nefnir hér og sem Montessori vildi m.a. staga í eru ekki göt í fagþekkingu heldur eru þau af siðferðilegum toga. Þetta eru göt sem birtast í því að börnunum þykir ekki vænt hvert um annað, þykir ekki vænt um umhverfi sitt, kunna ekki að hjálpast að, fyllast ekki undrun yfir fegurð, og mynda ekki tengsl við aðra. Meðal þess sem Montessori vann sérstaklega með í Casa dei bambini var einmitt hæfileiki barnanna til að mynda tengsl, sýna umhyggju og vera umhugað um lífið í kringum sig.

Montessori kallaði börnin sem frá fjögurra ára aldri mokuðu, hreinsuðu arfa, vökvuðu og grandskoðuðu moldina „eigendur jarðarinnar“. En í eignarhaldi þeirra örlaði ekki á stjórnsemi eða yfirráðum, þar var engin aðskilnaður á milli þess sem á og þess sem er átt (Martin, 1992, bls. 20).

Það var í starfi sem þessu, sem kalla mátti hversdagslega ræktarsemi við sjálft sig og umhverfi sitt, bæði lifandi og dautt, sem Montessori sá fyrir sér að menntun barnsins væri tæki til að útrýma stríði. Martin lýsir þessu m.a. með eftirfarandi hætti:

Einungis þegar samskipti einstaklingsins og umhverfis hans einkennast af samlyndi ... nær barnið að þroskast eðlilega og ást að blómstra. Sú ást sem Montessori hafði í huga var ekki sú rómantíska ást sem maður finnur í ljóðum og skáldsögum né sú sjálfsfórnandi ást sem vestræn menning eignar mæðrum. Þessi ást var varanleg og ótengd bæði sjálfselsku og eignarþrá, og beindist að öllum lifandi verum, að fólki og að hlutum. Hún leit svo á að þessi „æðri tegund ástar“ væri forsenda þess „mannlega samlyndis“ og þess „eiginlega samfélags mannkyns“ sem varð að komast á ef eiginlegur friður ætti að ríkja (Martin, 1992, bls. 20).

Við getum vissulega efast um gagnsemi þess að hugsa um menntun og íslenskt skólakerfi við upphaf 21. aldarinnar í ljósi fátækrahverfisins San Lorenzo í Róm við upphaf þeirrar 20. En við getum varla efast um að boðskapur Maríu Montessori og Jane Roland Martin eigi erindi við íslenskt samfélag í dag.

V

Þriðji kafli bókar Jane Roland Martin, *Skólabeimilið*, ber yfirskriftina „Að læra að lifa“. Þetta viðfangsefni kann að virðast nærtækt í íslensku skólakerfi, en því er ekki einungis ætlað að fræða börn og búa þau undir tiltekin störf, heldur hefur það einnig fengið margvísleg markmið sem lúta að almennri menntun, félagsmótun og þroska, og velferð barna og fullorðinna. Wolfgang Edelstein hefur orðað þetta með eftirfarandi hætti:

Ef við reynum að skilgreina menntakerfið eftir hlutverkum þeim sem það á að gegna í samfélaginu, finnum við okkur til furðu að menntun er ekki nema minnsti hlutinn í tilgangi kerfisins. Menntakerfið á, félagslega séð, að aðhæfa ungu kynslóðina heimi fullorðinna, kenna henni mat og hátterni hinna fullorðnu, hegðun gagnvart þjóðfélaginu í heild; ríkjandi siðu, önn og vinnu, skilning og þekkingu sem sameiginleg frumskilyrði félagslegrar tilveru (Wolfgang Edelstein, 1988, bls. 24–25).

Stöldrum aðeins við þessa lýsingu Wolfgangs á hlutverki skólans. Hér gerir hann greinarmun á því sem kalla mátti *fræðsluhlutverk* skólanna annars vegar og *samfélagslegu hlutverki* þeirra hins vegar. Lýsing Jane Roland Martin á því sem skólar ættu að fást við dregur fram hlutverk sem er hvorki eiginlegt fræðsluhlutverk né heldur beinlínis félagslegt heldur varðar það ræktarsemi við tilfinningar nemenda, geðshræringar þeirra og virkni.

Það er alltof einfalt fyrir skóla að kenna börnum *um* arfleifð þeirra án þess að kenna þeim nokkurn tímann *að vera* virkir og uppbyggilegir þátttakendur í tilverunni – hvað þá að gera hana að betri stað fyrir þau sjálf og afkomendur þeirra. Þetta á sérstaklega við um Bandaríkin þar sem litið er á skóla sem tæki til að þroska huga barna, ekki líkama þeirra; hugsun þeirra og rökvísi en ekki tilfinningar þeirra og frumkvæði (Martin, 1992, bls. 86).

Þessi efnistöð skólanna leiða ekki bara til þess að tilteknum þáttum í fari barnanna eru ekki gerð fullnægjandi skil. Afleiðingarnar eru alvarlegri og alvarleikinn kemur berlega í ljós ef við spyrjum: Hver er staða manneskjunnar í heiminum? Efnistöð skólanna gera manneskjuna að áhorfanda að heiminum. Börnin afla sér þekkingar á heiminum, þau læra

um söguna og náttúruna og fræðast um stóru spurningarnar sem hafa erfst frá heimspekingum, vísindamönnum og skáldum fyrri alda. Martin lýsir niðurstöðu þessarar iðju með eftirfarandi hætti:

Að byggja námskrár skóla og háskóla einvörðungu á þessum greinum er að kenna ungu kynslóðinni um lífið: að búa til áhorfendur að lífinu en ekki þátttakendur í því (Martin, 1992, bls. 90).

Í þessari gagnrýni er Martin greinilega í félagsskap með Dewey sem alla tíð lagði ríka áherslu á virka og merkingarbæra þátttöku nemenda í starfi skólans. Martin er líka komin í félagsskap með brasilíska menntunarfrömuðinum Paulo Freire sem barðist mjög fyrir bættri menntun – ekki bara meiri menntun – fátæks fólks í Brasilíu og víða um heim. Freire gagnrýndi einmitt brasilíska skóla fyrir að fræða fólk án þess að hreyfa við tilfinningum þeirra, án þess að gera það gagnrýnna eða efla það í viðleitni til að bæta eigin kjör. Freire talaði um bankamenntun í þessu sambandi. Í skólum fengu börn fræðslu sem var líkust því að verið væri að leggja pening inn á bankabók sem svo mætti taka út seinna þegar á þyrfti að halda. Það hafði vakið undrun Freire að þótt menntun hefði aukist í Brasilíu þá virtust kjör fólks ekki batna að sama skapi. Menntunin sem fólk fékk virtist ekki vera aflvaki í lífi þess heldur andvana fróðleikur, kannski gagnlegur í afmörkuðum kringumstæðum en ekki tæki til að hafa stjórn á eigin lífi – ekki tæki til að lifa betur (Freire 1998).

Skólaheimilið sem Jane Roland Martin lýsir er ekki bara staður þar sem börn fá fræðslu sem þau geta notað síðar þegar á þarf að halda, heldur er þetta staður þar sem börnin læra að taka þátt í lífinu með því að taka þátt í lífi. Einn hornsteinn þess er einmitt það að bera umhyggja fyrir öðrum, að vera umhugað um aðra og að tengjast öðrum.

VI

En hvað hefur þetta nú allt með kreppur að gera? Hef ég ekki bara drepit á dreif umræðuefninu? Ég held ekki. Það verða örugglega alltaf einhverjar kreppur að plaga okkur. Stundum er sagt að lýðræðið sé í kreppu, stundum að náttúran sé í kreppu, stundum að fjölskyldan sé í kreppu, stundum að ljóðið sé í kreppu, og svo mætti lengi telja. Sumar þessar kreppur eru alvarlegar og við ættum að reyna að gera eitthvað til að komast út úr þeim. Stundum eru þær léttvægar og ekki til að hafa áhyggjur af. Sú tilvistarkreppa sem Íslendingar lentu í við hrunið – og eru ekki enn búnir að vinna sig út úr þótt ýmsum hafi tekist að beina athyglinni annað – var ekki efnahagsleg kreppa heldur

kreppa á vettvangi siðmenningarinnar. Eins og Virginia Woolf spurði árið 1938 verðum við að spyrja okkur: „Hvernig geta konur gengið ásamt körlum yfir brúna án þess að glata siðmenningu sinni?“. Það áfall sem margir urðu fyrir við hrunið stafaði af því að innihaldsleysi tilverunnar og fáfengileiki gildismatsins afhjúpuðust með átakanlegum hætti. Ef við ætlum ekki að búa við kreppu innihaldsleysis og fáfengileika, þá verðum við að komast frá þeirri gildaþurrð sem við bjuggum við fyrir hrun.

Það samfélag sem við byggjum er samfélag vinnandi foreldra, það er samfélag sem einkennist af eftirsókn eftir efnislegum gæðum og það er samfélag sem leggur mælistiku efnahagsauðs á það sem gert er. Á meðan við getum svarað löngunum okkar köllum við ástandið hagsæld og erum harla ánægð með það. En þetta er samfélag sem nánast með skipulegum hætti grefur undan þeim gildum sem mestu varða, gildum eins og þeim að bera umhyggja fyrir öðrum, að vera umhugað um aðra og að tengjast öðrum. Ef það á ekki alltaf að vera kreppa – ef siðmenningin á ekki að vera á hrakhólum í samfélaginu – þá verðum við að hafa stofnanir sem leggja rækt við þessi gildi og samfélagið verður að leggja rækt við þessar stofnanir. Sem betur fer höfum við metnaðarfullar stofnanir sem leggja rækt við þessi mikilvægu gildi. Þær heita leikskólar. Við verðum svo að vona að valdaöfl samfélagsins skilji að það verður að leggja rækt við þessar stofnanir ef það á ekki alltaf að vera kreppa af verstu sort.

Heimildir

- Arendt, Hannah. (2003). Thinking and moral consideration. *Responsibility and Judgment*, New York: Schocken Books.
- Dewey, John. (2010). Skólinn og félagslegar framfarir. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson ritstj., *Dewey í hugsun og verki: menntun, reynsla og lýðræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Dewey, John. (2010). Sannfæring mín um menntun. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson ritstj., *Dewey í hugsun og verki: menntun, reynsla og lýðræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Freire, Paulo. (1998). *Teachers as cultural workers. A letter to those who dare to teach*. Boulder: Westview Press.
- Gunnar Finnbogason. (2010). Samfélag – skóli – einstaklingur. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson ritstj., *Dewey í hugsun og verki: menntun, reynsla og lýðræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gylfi Magnússon. (2003). Hvað er kreppa?. *Vísindavefurinn*, 4.6.2003, <http://visindavefur.is/?id=3477> (skoðað 15.3.2009)
- Martin, Jane Roland. (1992). *The Schoolhome: rethinking schools for changing families*. Cambridge Ma.: Harvard University Press.

- Mill, John Stuart. (1998). *Nytjastefnan*. Gunnar Ragnarsson þýddi, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Piaget, Jean. (1999). Jan Amos Cóméníus (1592–1670). Paris: UNESCO.
<http://www.ibe.unesco.org/publications/ThinkersPdf/comeniuse.PDF> (Sótt 20.03.2011)
- Röhrs, Herman. (2000). Maria Montessori. Paris: UNESCO.
<http://www.ibe.unesco.org/publications/ThinkersPdf/montesse.pdf> (Sótt 20.03.2011)
- Edelstein, Wolfgang. (1988). Breyttir samfélagshættir og hlutverk skólanna. *Skóli – nám – samfélag*. Reykjavík: Iðunn.
- Woolf, Virginia. (1998). *A room of one's own, Three guineas*. Oxford: Oxford University Press.